



Rómverskir hermenn innsigliðu síðan grafhýsið og gættu þess. Engum var nú kleyft að fara inn eða út.

19



Hversu sorglegt það væri, ef þetta væri endir sögunnar. En Guð gerði dásamlegt kraftaverk og dauði Jesús varaði ekki lengi.

20




Snemma morguns, á fyrsta degi vikunnar þegar nokkrir af lærisveinum Jesú komu að grófinni, hafði steininum verið velt frá grafhýsinu. Er þeir litu inn sáu þeir að Jesús var þar ekki lengur.

21



Kona ein stóð grátandi úti fyrir grafhýsinu. Jesús birtist henni! Hún flýtti sér, full af gleði, til að segja lærisveinum frá. "Jesús er lifandi! Jesús er risinn upp frá dauðum!"

22



Fyrstu páskarnir



Skömmu síðar birtist Jesús lærisveinum og sýndi þeim naglaförin á höndum sínum. Það var satt. **JESÚS VAR LIFANDI Á NÝ!** Hann fyrirgef Petri fyrir að hafa afneitað sér og sagði lærisveinum að segja öllum frá því sem gerðist. Síðan fór hann aftur til himna, þaðan sem hann hafði komið á fyrstu jólnum forðum.


23

Fyrstu páskarnir
Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í
Matteusi 26-28; Lúkasi 22-24;
Jóhannesi 13-21
"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Höfundur Edward Hughes
Myndskreytingar Janie Forest
Þýðandi Þráinn Kristjánsson
Aðlagð af Lyn Doerksen
Saga 54 af 60
M1914.org
Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg MB R3C 2G1 Canada
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.
Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.
Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen
Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum deg!

Íslenska Icelandic



Það var hávaðasamt á hæðinni þar sem María stóð álgengar, og horfði döprum augum á það sem var að gerast. Þessum hræðilega atburði, þar sem verið var að krossfesta son hennar Jesú, mundi hún aldrei gleyma.

Hvernig gerðist þetta allt saman? Hvernig mátti það vera að hið undursamlega líf Jesú gæti endað á svo hræðilegan hátt? Hvernig gat Guð leyft að sonur hans yrði negldur á kross til að deyja þar? Hafði Jesús rangt fyrir sér varðandi það hver hann var? Hafði Guð brugðist?

1

2



Nei! Guð hafði ekki brugðist. Jesús hafði ekki orðið á nein mistök. Jesús vissi alltaf að hann yrði tekinn af lífi af illa innrættum mönnum. Meira að segja þegar Jesús var lítið barn hafði gamall maður, Símon að nafni, sagt Maríu að sorg væri framundan.

3




Nokkrum dögum áður en Jesús var krossfestur kom kona nokkur og helti ilmindi smyrslum á fætur hans. "Hún er að sóa peningum," kvörtuðu lærisveinarnir. "Hún hefur gert góðverk," sagði Jesús. "Hún var að búa mig til greftrunar." Einkennilega til orða tekið!

4




Eftir að þetta gerðist gerði Júdas, einn af lærisveinunum tólf, samkomulag við æðstu prestana um að svíkja Jesús fyrir 30 silfurpeninga.

5



Þegar páskahátíð Gyðinga fór í hönd, hélt Jesús síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinum sínum. Hann sagði þeim margt yndislegt um Guð og frá loforðum hans til þeirra er elska hann. Síðan tók hann brauð og bikar og rétti þeim til að skipta með sér. Þetta var til að minna þá á, að líkami og blóð Jesús var gefið til fyrirgefningar syndanna.

6




Þá sagði Jesús vinum sínum að hann yrði svikinn og að þeir myndu yfingefa hann. "Ekki mun ég yfingefa þig," fullyrði Pétur. "Áður en hannin galar, munt þú afneita mér þrisvar," sagði Jesús.

7



Seinna um kvöldið fór Jesús til að biðjast fyrir í Getsemane garðinum. Lærisveinarnir, sem voru með honum, féllu í svefn á meðan. "Ó faðir minn," bað Jesús, "...tak þennan bikar frá mér. Samt ekki eins og ég vil, heldur eins og þú vilt."

8



Skyndilega kom flokkur manna inn í garðinn með Júdas í forustu. Jesús veitti ekki mótspyrnu en Pétur hjó eyra af manni. Jesús snart eyra mannsins og læknaði hann fullkomlega. Jesús vissi að handtaka hans var samkvæmt vilja Guðs.

9



Þeir tóku Jesús og fóru með hann heim til æðsta prestsins. Þar sögðu yfirmennirnir að taka ætti Jesús af lífi. Skammt frá stóð Pétur hjá eldinum og horfði á.

10



Þrisvar sinnum einblíndi fólkíð á Pétur og sagði, "Þú varst með Jesús!" og þrisvar afneitaði hann, nákvæmlega eins og Jesús sagði að hann mundi gera. Pétur, meira að segja, bölvaði og ragnaði.


11



Samstundis galaði hani


Samstundis galaði hani. Það var sem Pétur heyrði rödd Guðs. Þá minntist Pétur orða Jesús, og grét sáran.

12



Júdas var hryggur. Hann vissi að Jesús var hvorki sekur um að drýgja nokkra synd né glæp." Júdas skilaði aftur silfurpeningunum þrjátíu, en prestarnir neituðu að taka við þeim.

13



Júdas flegði peningunum niður, fór út og hengdi sig.

14




Prestarnir færðu Jesús fram fyrir Pílatus, rómverska ríkisstjórnann. Pílatus sagði, "Ég finn enga sök hjá þessum manni." En múgurinn hélt áfram að hrópa, "Krossfestið hann! Krossfestið hann!"

15



Loks gafst Pílatus upp og kvað upp dóm að Jesús yrði krossfestur. Hermennirnir misþyrmdu Jesús, hræktu í andlit hans, og húðstrýktu hann. Þeir fléttuðu kórónu úr löngum, skörpum þyrnum og þrýstu henni niður á höfuð hans. Síðan negldu þeir hann á viðarkross til að deysja.

16



Jesús vissi alltaf að hann mundi deyja þannig. Hann vissi líka að dauði hans mundi færa syndurum, sem á hann trúá, fyrirgefningu. Tveir afbrotamenn voru krossfestir við hlið Jesús. Annar þeirra trúði á Jesús og fór með honum til himnaríkis, en hinn ekki.

17



Eftir að hafa þjást tímum saman, sagði Jesús, "Það er fullkomnað," og dó. Starf hans var fullkomnað. Vinir hans jörðuðu hann í einkagrafreit.

18